Kobra á Kjarvalsstöðum:

Regla í frjálsri mótun



Pierre Alechinsky: Norðrið, 1960-61.

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þessar vikurnar getur að líta óvenjulega sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða, sem eru myndir úr einkasafni Riis í Osló og að meginhluta eftir Kobra-listamenn, og stendur hún til 25. marz.

Varla ætti að þurfa að kynna þennan listhóp ítarlega hér né þau stefnumörk sem hann aðhylltist, því að það hefur verið gert svo oft á umliðnum árum. En eftir að hafa orðið vitni að myndlistarvizkunni, sem haldið er að íslenzkri skólaæsku í skólakerfi landsins, samkvæmt spurningakeppni í sjónvarpi, kallar þó skyldan og skal því gert í megindráttum.

Lakara er svo, að það sem ritað hefur verið um sýninguna einkennist af nokkurri fáfræði um norræna list, eðli listastefnunnar og misskilningi á hlutverki og eðli málverksins.

Árið 1948 fengu Reykvíkingar að kynnast *mörgum frumherjum* nýrra viðhorfa, sem þá sýndu í Listamannaskálanum gamla við Kirkjustræti, eða þeim hluta listhópsins, sem kom frá Danmörku. Það voru fulltrúar Helhesten og hinna svokölluðu Höst-sýninga, félagar Svavars Guðnasonar, sem hér voru á ferð, og hafði sýningin mikil áhrif á yngri kynslóð listamanna á þeim árum og naut að auki skilnings margra hinna eldri.

Sýning þessara umdeildu brautryðjenda sjálfsprottinnar skynrænnar tjáningar í málverki hlaut hér merkilega góðar viðtökur og munu nokkrar myndanna jafnvel hafa selst, sem segir nokkuð um opinn hug Íslendinga til málaralistarinnar, því að sala á slíkri myndlist var fátíð á þeim árum.

En það hefði þó verið enn farsælla, ef mun fleiri myndir hefðu gengið út, því að eigendurnir hefðu þá fengið einhverja hæstu vexti upp í hendurnar, sem þekkst hafa í íslenzkri sögu, þ.e. ef litið er á málverk sem verðbréf eða fasteign.

Þá mun hafa verið ágæt aðsókn að sýningunni allan tímann, a.m.k. eftir því sem hér tíðkaðist um listsýningar á þeim árum.

En fyrr hafði Svavar sjálfur kynnt hin nýju viðhorf með sýningu í Listamannaskálanum, sem hann opnaði hinn 18. ágúst 1945, þá nýkominn frá Danmörku, þar sem hann hafði dvalist öll stríðsárin. Vakti sú sýning óskipta athygli listamanna og almennings enda mikið nýjabrum í höfuðborginni.

Þessi þáttur evrópskrar listhefðar var þannig fljótur að ná til okkar og átti Svavar mestan heiður að því, þótt aðrir væru þá þegar farnir að ástunda ýmsar tilraunir á vettvangi framsækinna núlista.

Málararnir sem í hlut áttu, voru undir áhrifum víða að, t.d. málverkum Picassos á áratuginum fyrir stríð svo og hinum hreina og myndræna súrrealisma, eins og hann kemur fram hjá Miro, svo og list barna og frumstæðra þjóða.

Það er hins vegar ákaflega langt frá því, að slík list sé formlaus og raunar álitamál, hvort nokkuð geti verið alveg formlaust, sem gert er innan hins afmarkaða fernings, sem gerandinn málar á hverju sinni.

Í listasögunni er gerður skýr greinarmunur á Cobra-listamönnum og hinum svonefndu „informel"-listamönnum, en hann felst mest í því, að Cobra var listhópur, er starfaði frá 1948-52, en „l'informel" er einungis heiti á vinnubrögðum og tjáningarhætti, er var og er iðkaður á ýmsan hátt af fjölda listamanna.

Franski gagnrýnandinn nafntogaði Michel Tapié vildi skilgreina strauma núlistar og gekkst fyrir sýningu á hreinni óhlutlægri sálrænni list í Galerie Dausset í marzmánuði árið 1951 er hlaut nafnið „Véhémences confrontées" (samprófaður ofsi). Hann safnaði saman jafn frábrugðnum listamönnum eins og Jackson Pollock, Willem de Kooning, Hans Hartung, Georges Mathieau og Jean-Paul Riopelle.

Hér var um gerólíka listamenn að ræða og skýrist enn betur er litið er til þess, að er nafnið „informel" kom fyrst fram sem sérheiti í september sama ár, var það í sambandi við sýningu, er hinn sami Michel Tapié stóð fyrir í Galerie Facchetti og nefndist „Signifiants de l'Informel" (einkenni hins óformlega). Í henni tóku þátt, ásamt fyrrnefndum Mathieau og Riopelle, málarar eins og Jean Fautrier, Jean Dubuffet, Henri Michaux og Jaroslav Serpan.

Hér var m.a. um að ræða að vekja athygli á vinnubrögðum í málaralist, þar sem formið verður eitt með byggingu málverksins, form og bygging sameinast í eina heild.

Tapié gaf svo út rit árið eftir, sem hann nefndi „Óðruvísi list" (Un art autre), þar sem hann skilgreinir *„informel"* list á fræðilegum grundvelli og frægt varð, enda hefur það gengið inn í listasöguna og þess getið í uppsláttarbókum um myndlistir.

Það má að vísu þýða orðið l'Informel sem formleysi, en við það var alls ekki átt, heldur skírskotað til þess, að formin séu frjáls og óformleg, þ.e. regla í frjálsri mótun.

Hér var sem sé komin list, sem var andstæð allri afmarkaðri reglufestu eins og kemur fram í hreinni strangflatalist og allri þeirri list, sem krefst yfirlegu og íhugunar.

Hins vegar kröfðust þessi nýju vinnubrögð mjög ríkrar tilfinningar og næmi í útfærslu myndverkanna ekki síður en t.d. kalligrafían, sem einnig var stuðst við, en þrettán ár tekur að verða meistari í kalligrafíu, *ef menn verða það þá nokkurn tíma.*

Sumir frumkvöðlar hinna frjálsu vinnubragða höfðu þá þegar haslað sér völl sem frábærir málarar á hlutlægum grundvelli svo sem Jean Fautrier og framtíðin blasti við honum á því sviði, er hann stokkaði upp spilin.

Þetta var þannig þaulhugsuð list, sem átti sér rætur og bakgrunn djúpt aftur í fortíðinni, sem lagði svo ríka áherslu á hið skynræna, innri íhugun og heimspekina á bak við gerðir mannanna, ekki einungis köld vísindi og reiknistokkinn.

Upphaf hinna frjálslegu vinnubragða nær öðru fremur til áratugarins fyrir stríð, svo og stríðsáranna, eins og sjá má á elstu málverkunum á sýningunni. Cobra-listhópurinn samanstóð af framsæknum listamönnum með svipuð viðhorf frá Kaupmannahöfn, Amsterdam og Brussel, sem störfuðu og sýndu saman í nokkur ár.

Listamennirnir kynntu sig fyrst með sýningu, sem opnaði í París 8. nóvember 1948 undir kjörorðinu „Centre international de dokumentation sur l'art d'avant garde", en fyrsta stóra sýningin sem aflaði listhópnum frægðar var hin mikla sýning í Borgarlistasafninu í Amsterdam ári seinna og var skilgreind sem fyrsta alþjóðlega sýning tilraunalista. Sýningin vakti mikla athygli og hneyksli. Næsta stóra sýningin, er markaði um leið endalok listhópsins, var haldin í lok ársins 1951 í Höll listarinnar í Lüttig, Belgíu. Meðal þátttakendanna voru ýmsir vinir listamannanna svo sem Joan Miro og Alberto Giacometti og það gefur augaleið hverja þeir töldu samherja sína og hvert þeir sóttu áhrif.

Fleiri urðu sameiginlegar stórsýningar Cobra-listhópsins ekki og hann leið fljótlega undir lok.

Ætti maður svo að skilgreina mismuninn á hreinni strangflatalist (geometríu) og „informel"-vinnubrögðum, væri hægast að bera saman gæsaganginn og t.d. frjálsan dans eins og tangó. Hér sjá allir mikinn mun, en samt sem áður býr tangó yfir ströngum reglum. Menn geta að sjálfsögðu dansað tangó illa og klaufalega, og þá verður hann að sjálfsögðu formlaus. En það formleysi er síst af öllu það sem átt er við með heitinu „l'Informel".

Því nær engri átt að gefa slíkri list, sem til sýnis er á Kjarvalsstöðum þessa dagana, nafnið „formleysismálverk" og verður að teljast til meiri háttar slysa, enda vekur það upp margan misskilning og er að mínu mati skólabókardæmi um það hvernig ekki eigi að þýða útlenzkt orð og hugtak á íslenzku.

Það er umhugsunarefni, hve við Íslendingar tókum seint við okkur varðandi rannsóknir á þessum vinnubrögðum og hér voru menn, er unnu leynt og ljóst á móti list í frjálsri mótun, eins og að hér væri um höfuðóvin strangflatalistarinnar að ræða. En það var ekki rétt svo sem fram kemur, og lá mikill misskilningur að baki þeirri trú að hér væri um sérstaka listastefnu að ræða, en það kemur mér mjög á óvart, að þessi misskilningur skuli vera til ennþá og jafnvel að því er virðist meðal þeirra, er bera fræðititla í myndlist.

Margir „informelistar" vildu álíta list sína hið hreina málverk sem styddist ekki við nein þekkjanleg fyrirbæri í náttúrinni. Þeir skilgreindu þetta þannig: „Óraunveruleiki hins „informela" tjáir alls ekkert". En þessari skilgreiningu var sjálfur Jean Fautrier, er telst ótvírætt einn af upphafsmönnum myndhugsunarinnar fullkomlega andstæður, hafnaði henni algjörlega og afgreiddi hiklaust með þessum orðum: „Engin listgrein er fær um að miðla, ef hún er ekki hluti þess raunveruleika, sem hún hrærist í."

Hér hitti hann fullkomlega í mark.

Sá maður, sem greinilega hefur unnið í anda þessara vinnubragða hérlendis og allt frá árinu 1958, mun tvímælalaust vera Kristján Davíðsson.

Í gamla daga þurftu menn á híbýlunum að halda og öllum þeim lögmálum og útreikningum, sem liggja að baki því að teikna hús, en menn þurftu einfaldlega einnig á kalligrafíunni að halda og dansinum og þeim jarðmögnum og fyrirbærum lífsins, sem hreyfa við kenndum manna.

Óneitanlega verður margt ljósara um furðuleg skrif og merkilegan skilning á list þeirra, er vinna í málverki hér á landi og vilja þjóna menntun sinni, upplagi og þörf til tjáningar í íslenzku umhverfi. En það er önnur saga.

Sýning mynda úr stórmerkilegu safni þeirra hjóna Inger og Andreas Riis í Osló í vestri sal Kjarvalsstaða gaf þannig fyrst og fremst tilefni til að koma að dálítilli skilgreiningu á eðli og bakgrunni Cobra-listamannanna svo og vinnubragðanna, er liggja til grundvallar heitinu „L'Informel".

Þetta samsafn er einungis hluti safnsins og vantar hér margar mjög góðar myndir, svo sem fram kemur í sýningarskrá safneignarinnar, sem til sölu er á Kjarvalsstöðum. En það verður ekki á allt kosið, og ekki veit ég, hvað til grundvallar kom við val einmitt þessara mynda, og skal því ekki fett fingur út í það.

Á sýningunni er þó margt stórathyglisverðra mynda, en í heild virkar hún nokkuð opin í upphengingu, og það skortir nokkuð á, að sá innileiki sé í kringum sum verkanna, sem þarf til að þau njóti sín til fulls. Stóra myndin eftir Asger Jorn, er blasir við gestinum er inn er komið, er algjör perla, svo og blága mynd Alechynsky's, og má til gamans geta að slíkar myndir fara á ca. 20 milljónir á uppboðum í dag. Þá er mynd Lucino Fontana afskaplega falleg, en frægð þessa listamanns virðist aukast með hverju ári.

En ég vil nefna sem fæst nöfn, því að þetta er ekki listrýni í sjálfu sér, einungis krufning stílbragða og kynningarskrif.

Listunnendur mega ekki láta þessa sýningu fram hjá sér fara né heldur þeir, sem meta listaverk eftir verðbréfagildi þeirra, en þeim virðist fara mjög fjölgandi, á meðan þeim, sem kaupa samkvæmt hjartanu, fer fækkandi.

En hvernig stendur á því, að aðsókn er ekki meiri á jafn einstæðan og merkan listviðburð, sem fólk myndi hvarvetna fjölmenna á?

Eitthvað hlýtur að vera að, og ekki bæta hér upp lítt uppörvandi skrif því líkust, sem að slík list sé árás á þá persónulega og þeirra tillærðu og aðfengnu listrænu trúarbrögð.

En hvað um það, sá sem telur sig hafa vit á málaralist og hjarta fyrir henni, ætti að skunda rakleiðis á Kjarvalsstaði.

Píanóleikarinn og raunveruleikinn

Valgerður Andrésdóttir píanóleikari í Hafnarborg

Næstkomandi mánudag, 19. mars, heldur ungur píanóleikari, Valgerður Andrésdóttir, sína fyrstu einleikstónleika í Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðarbæjar. Valgerður, sem er fædd og uppalin í Hafnarfirði, hóf píanónám sitt í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar árið 1971, þá sjö ára gömul, en lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur árið 1985. Sama ár hélt hún til Berlínar í framhaldsnám við Listaháskólann þar í borg, Hochschüle der Künste, en hún mun útskrifast þaðan í vor.

Valgerður segist munu verða fegin að flytja heim þegar náminu lýkur. Henni finnst hávaðinn og þrenglsin í Berlín vera lítt eftirsóknarvert, ekki síst nú eftir fall múrsins. Annars hefur námið átt hug hennar allan þennan tíma í Berlín og hún segist ekki vera ánægð nema hún geti æft sig sex tíma á píanóið á dag. Þannig fóru fréttir af falli múrsins framhjá henni og hún vissi ekki um það fyrr en daginn eftir.



Morgunblaðið/Bjarni

Valgerður Andrésdóttir

Valgerður segir þetta ekki óeðlilegt, þar sem píanóleikarar lifi alltaf í vissri einangrun, en það sé þeim eiginlega nauðsynlegt. „Maður verður líka að einangra sig, allavega að vissu marki. Eða það finnst mér að minnsta kosti. Sjálfri finnst mér ég hafa gott af því að þurfa að vera ein með sjálfri mér. Ætli ég sé bara ekki einfari að eðlisfari," bætir hún við.

Hún segist snemma hafa gert það upp við sig að halda áfram í tónlistinni, en ætlaði þó ekki að vera í henni eingöngu heldur læra eitthvað fleira. „Ég held ég hafi ætlað að verða læknir. En svo sá ég að það er ekki hægt að sinna tónlistinni með öðru starfi, því til að ná árangri verður maður að beina öllum kröftunum í eina átt og gefa sig allan í það sem maður er að fást við. Síðan verður maður háður tónlistinni af því maður er alltaf að uppgötva eitthvað nýtt, sem gerir þetta meira spennandi. Það opnast fyrir manni annar heimur, enda er heimur tónlistarinnar annar en raunveruleikinn. Ég held líka að píanóleikarar lifi ekki alltaf raunverulegu lífi."

En þó svo píanóleikarar lifi kannski stundum úr tengslum við hversdaginn þá er ekki þar með sagt að þeir lifi í draumaheimi, að minnsta kosti virðist Valgerður standa með báða fætur á jörðinni hvað varðar framtíðaráform. Hún segir að það *sé nauðsynlegt að vera raunsær* og þess vegna settist hún í kennaradeild þegar hún hóf nám við Listaháskólann. „Mér finnst gaman að kenna en ég hef aðeins fengist við kennslu hér heima og svo úti í Berlín í vetur. Draumurinn er að kenna en hafa jafnframt tíma fyrir sjálfan sig," segir hún.

Á efnisskrá á tónleikum Valgerðar á mánudaginn, sem hefjast kl. 20.30, er ensk svíta í g-moll eftir Bach, Sónata í As-dúr op. 110 eftir Beethoven og Sónata í fís-moll op. 11 eftir Schumann.

MEO